

---

# FORNLEIFASKRÁNING VEGNA HJÓLREIÐASTÍGS MEÐFRAM VATNSLEYSUSTRANDARVEGI

---



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

---

Reykjavík 2019  
FS728-18501

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Ljósmynd á forsíðu er af vörðu í landi Brunnastaða GK-130:054 sem er innan áhrifasvæðis  
hjólreiðastígs meðfram Vatnsleysustrandarvegi.*

©Fornleifastofnun Íslands 2019

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>6</b>
<b>2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF .....</b>	<b>8</b>
<b>3. SKRÁNINGARAÐFERÐIR.....</b>	<b>10</b>
<b>4. FORNLEIFASKRÁ .....</b>	<b>12</b>
<b>5. NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>15</b>
<b>HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>16</b>
<b>MINJAKORT .....</b>	<b>17</b>





## Samantekt

Í skýrslu þessari eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu hjólreiðastígs meðfram Vatnsleysustrandarvegi. Að þessu sinni var tekinn út fyrsti áfangi framkvæmdarinnar sem nær frá gatnamótum Vatnsleysustrandarvegur, Vogavegar, Stapavegar og Hafnargötu að afleggjara að Austurkoti og er um 2,5 km að lengd. Tekið var út 15 m breitt áhrifasvæði beggja vegna við miðlínu ráðgerðs hjólreiðastígs. Vettvangsvinna fór fram í byrjun janúar 2019 að beiðni skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Voga. Tvær fornminjar voru þekktar innan eða nærri úttekarsvæðinu áður en skráningin hófst og var ein meint fornleif til viðbótar skráð á vettvangi. Það ætti að vera hægt að komast hjá raski á minjunum ef ítrústu varúðar er gætt við framkvæmdir.

*Efnisorð:* hjólreiðastígur, fornleifafræði, fornleifaskráning vegna framkvæmda, Vogar á Vatnsleysuströnd, Reykjanes


## Summary

In this report are the findings and conclusions of a detailed survey carried out for the municipality of Vogar in Vatnsleysuströnd in relation to construction of the first part of a bike lane (2,5 km) following the road Vatnsleysustrandarvegur (420) on the Reykjanes peninsula. Three archaeological sites are within the research area. They could be spared from damage if the necessary precautions are taken.

*Keywords:* bike lane construction, archaeology, detailed survey, Vogar in Vatnsleysuströnd, Reykjanes peninsula

## 1. Inngangur

Samkvæmt aðalskipulagsupprætti fyrir Sveitarfélagið Voga 2008-2028 verður hjólreiðastígur lagður meðfram öllum Vatnsleysustrandarvegi (420) frá Vogum að Reykjanesbraut og svo áfram meðfram henni, framhá Hvassahrauni og inn í Hafnarfjörð<sup>1</sup>. Fyrirhugað er að leggja fyrsta áfanga hjólreiðastígsins meðfram Vatnsleysustrandarvegi á 2,5 km löngum kafla frá gatnamótum Vatnsleysustrandarveggar, Vogavegar, Stapavegar og Hafnargötu í þéttbýlinu í Vogum og rétt inn fyrir afleggjara að Austurkoti og fleiri bæjum. Af því tilefni fór skipulags- og byggingafulltrúi sveitarfélagsins þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún tæki að sér fornleifaskráningu innan áhrifasvæðis stígagerðarinnar. Tekið var út 15 m breitt belti til beggja átta frá miðlínu hjólreiðastígsins en hún er að jafnaði um 8 m ofan (suðaustan) við Strandarveg og er áhrifasvæði stígsins því að miklu leyti innan veghelgunarsvæðis. Fyrir liggur hönnun á stígnum sem nær að Nesbúi í landi Hlöðuness og var því heildarlengd úttekarsvæðisins rúmir 3 km. Hjólreiðastígurinn liggur um hraunmóa í landi gömlu lögbýlanna Stóru-Voga og Efri-Brunnastaða. Víða er jarðvegsrof í mótum á milli Voga og Brunnastaðahverfis en þar tekur



við grónara svæði og gömul túnrækt er einnig ofan við veg þar sem leggja á hjólreiðastíginn. Ekki er lengur stunduð sjósókn eða hefðbundinn búskapur í Brunnastaðahverfi en þar er þó stundaður tómstundabúskapur með sauðfé.

Vettvangsvinna fór fram þann 4. janúar þegar jörð var auð og veður óvenju milt miðað

<sup>1</sup> Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 sem staðfest var 23. febrúar 2010 er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins: <http://vogar.is/Skipulag/Adalskipulag/>

við árstíma. Um vettvangsskráningu, úrvinnslu og skýrslugerð sá Kristborg Þórsdóttir fornleifafraeðingur. Aðalskráningu fornminja í Sveitarfélaginu Vogum lauk árið 2014. Áður en vettvangsvinna hófst voru tvær fornminjar þekktar innan eða í jaðri úttektarsvæðisins. Um þær var áður fjallað í áfangaskýrslu III um aðalskráningu í sveitarfélaginu<sup>2</sup>. Að þessu sinni voru umræddar minjar mældar upp með nákvæmum hætti og að auki var ein meint fornleif skáð á vettvangi. Á úttektarsvæðinu reyndust því þrjár fornminjar, tvær þeirra eru skilgreindar í stórhættu og ein í hættu. Nokkuð auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á minjunum ef ítrustu varúðar er gætt við framkvæmdir.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðisins. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og minjakort sem sýnir staðsetningu minjanna.

---

<sup>2</sup> Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2016. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum*. Áfangaskýrsla III. FS596-07253. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt

- kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
  - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
  - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
  - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
  - i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.



Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-084:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens    Númer fornleifar á tiltekinni jörð    Sérheiti    Tegund    Hlutverk    Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn    **SF-175-009**    **Sveinshlaða**    **tóft**    **hlaða**    **E: 528751 N: 352323**



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólfmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Hætta sem stæðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi. Minjarnar eru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



## 4. Fornleifaskrá

### GK-130 Brunnastaðir

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 123. 1395 er Brunnastaða getið í eignaskrá Viðeyjarklausturs. Þá eru hálfir Brunnastaðir metnir á 30 hdr. DI III, 597-598. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 124. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 1 hdr. Í fríðu og 2 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26.

Hjáleigur í byggð 1703, Halakot GK-131, Brunnastaðakot 091, Stöðlakot 092, Tangabúð 022, Skjaldarkot GK-135. Í eyði Traðarkot GK-136, Vesturhús 094, Naustakot GK-134, Austurhús (að öllum líkindum sama og Austurkot GK-133) og Suðurhús (að öllum líkindum sama og Suðurkot GK-132). JÁM III, 125-127. Hjáleigur í byggð 1847: Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot, Skjaldarkot og Traðarkot. JJ, 90. Á Bieringstanga voru nokkrir bæir sem fóru í eyði á árunum 1920-1925. Þeir voru þessir: Grund eða Trumba 016, Vorhúsabæirnir, Austurbær eða Bjarnabær 017 og Vesturbær eða Guðjónsbær 018, Hausthús 019 og Hvammur 020. Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31. Tvíbyli var um tíma á Efri-Brunnastöðum. Guðmundur Jónsson. Mannlíf og mannvirki, 224-33.

1703: "Tún jarðarinnar spillast af sjáfar og sands ágangi meir og meir. Engjar eru öngvar. Útihagarnir um sumur í lakasta máta, um vetur nær enginn nema fjaran." JÁM III, 124-5. 1919: Tún alls 5,9 teigar, garðar 2300m<sup>2</sup>.

**GK-130:054** varða óþekkt

A 335254 N 392232



*Varða 054, horft til norðurs*

Varða er um 180 m norðan við Lúsaborg 085 og um 215 m suðvestan við vörðu 068, á hól fast austan við Vatnsleysustrandarveg (420). Miðlína hjólreiðastígs sem fyrirhugað er að leggja meðfram Vatnsleysustrandarvegi liggur beint yfir vörðuna og er hún því í stórhættu vegna vegagerðar.

Varðan er á gróðurlitlum hól í hraunmóa. Varðan er sigin og gróin.

Hún er um 1,1x1,1 m að stærð og 0,6 m á hæð. Í henni sjást 2-3 umför. Hlutverk hennar er ekki þekkt.




**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**GK-130:085** Lúsaborg tóft fjárskýli

A 335264 N 392053

"Syðst við Slysabeygju að ofanverðu er hóll sem heitir Lúsaborg. Heimild er til um Lúsaborgarvörðu en engar hleðslur eru sjáanlegar þarna og engar sagnir til um borg á þessum stað," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Ógreinileg tóft af fjárskýli er á sunnanverðum hól um 20 m SSA við beygju á malbikaða Vatnsleysustrandarveginum þar sem



Strandavegur/Gamlivegur 641:011 liggur á hann. Tóftin er um 1,4 km sunnan við Efri-Brunnastaði 001. Miðlína hjólréiðastígs sem fyrirhugað er að leggja meðfram Vatnsleysustrandarvegi er 14 m frá tóftinni og er hún skilgeind í hættu vegna vegagerðar.



Lúsaborg 085, horft til norðurs

Hóllinn sem tóftin er á er í hraunmóa og er hann gróinn en ekki hár eða mikill um sig. Netagirðing liggur yfir suðaustanverða tóftina. Tóftin sést mjög illa vegna þess að búið er að taka megnið af grjótinu úr henni. Það hefur sennilega verið notað í vegagerð. Hún er um 10x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Rof er komið í veggina þar sem grjótið var tekið en þar sem


hún er gróin sést enn stöku steinn upp úr sverði. Innanmál tóftarinnar er um 6x3 m en hún hefur aflagast mikið og má ætla að hún hafi verið því sem næst hringlaga eins og algengt er með fjárborgir. Mesta hæð veggja er um 0,5 m en víðast eru þeir 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sést hvar op hefur verið á tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**SG: Örnefni og gönguleiðir, 50-51

**GK-130:117** þúst óþekkt

A 335362 N 393137



Jarðlæg grjótpúst er innan um grónar klappir fast suðaustan við Vatnsleysustrandarveg (420), um 170 m norðaustan við nýbýlið Sólhaga og 330 m suðaustan við bæjarhól Efri-Brunnastaða 001. Klappirnar eru í móa sem hefur verið sléttaður í tún að því er virðist en er ekki í rækt.

Þústin er á milli klappa í jaðri gamals túns sem er vaxið mosa og grasi. Miðlina hjólreiðastígs sem fyrirhugað er að leggja meðfram Vatnsleysustrandarvegi er 5,5 m frá þústinni og er hún í stórhættu vegna vegagerðar.

Þústin er 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,2 m á hæð og hvergi sést í uppistandandi hleðslur. Þústin er gróin mosa og grasi en í henni miðri sést í mosavaxið grjót. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hér hefur verið og í raun ekki heldur hvort um fornleif er að ræða. Ekki er ólíklegt að þessi grjótpúst hafi orðið til við grjóthreinsun í túninu en nokkuð algengt er að sjá það á þessu svæði að grjóti hafi verið safnað saman á eða við klappir sem hreinsað var úr mómum sem voru sléttaðir og ræktaðir í tún.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

## 5. Niðurstöður

Fyrsti áfangi hjólreiðastígs meðfram Vatnsleysustrandarvegi liggur að mestu leyti um hraunmóa þar sem lítilla minja var að vænta. Aðeins voru skráðar þrjár fornminjar innan áhrifasvæðis hjólreiðastígsins. Tvær þeirra voru þekktar áður en vettvangsvinna fór fram og var ein fornleif skráð til viðbótar á vettvangi. Tvær minjar eru innan áhrifasvæðis að öllu leyti og eru skilgreindar í stórhættu vegna vegagerðar. Það eru varða GK-130:054 og þúst GK-130:117. Þriðja fornleifin er í jarðri úttektaarsvæðisins, Lúsaborg GK-130:085, og er hún skilgreind í hættu vegna framkvæmda.

Þúst GK-130:117 var skráð þegar úttekt fór fram á vettvangi 2019 en óvíst er hvort um hrúnið mannvirki er að ræða eða hvort þústin sé eingöngu grjótt sem safnað hefur verið í hrúgu við grjóthreinsun úr túni. Þústin er 5,5 m frá miðlínu hjólreiðastígs og er líklegt að henni verði raskað við framkvæmdir nema að sérstök aðgát verði höfð við framkvæmdir og hún merkt vel. Varða GK-130:054 var fyrst skráð við aðalskráningu. Hún er á miðlínu hjólreiðastígs eins og hann hefur verið hannaður. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gegnt en hún er sigin og gróin og virðist nokkuð gömul, þó að ekki sé hún ævafor. Til þess að hægt verði að hlífa vörðunni við framkvæmdirnar þarf að hnika legu stígsins lítillega til austurs þannig að hann sveigi framhjá hólnum sem varðan er á. Tóft Lúsaborgar GK-130:085 var einnig fyrst skráð á aðalskráningartígi. Þar sem að hún er aðeins að mjög litlu leyti innan áhrifasvæðis hjólreiðastígsins ætti að vera auðvelt að komast hjá raski á tóftinni ef staðsetning hennar og umfang er merkt á greinilegan hátt á meðan framkvæmdum stendur.

Í þeim tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða hætti fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

## Heimildaskrá

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028. Samþykkt 23. febrúar 2010. Sótt þann 11. janúar 2019 af slóðinni <http://vogar.is/Skipulag/Adalskipulag/>

Árni Óla. 1961. *Strönd og Vogar: Úr sögu einnar sveitar í landnámi Ingólfs Arnarsonar*. Menningarsjóður, Reykjavík.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*. 1853-1976. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Guðmundur B. Jónsson. 1987. *Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi*. Útgefið af höfundi, Vogum.

**JÁM III:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla. 1923-1924. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

**JJ 1847:** *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J.Johnsen, Kaupmannahöfn.

**SG: Örnefni og gönguleiðir:** Sesselja G. Guðmundsdóttir. 2007. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegarins)*. Lionsklúbburinn Keilir, Vatnsleysuströnd.

Gunnar Haukur Ingimundarson. 1982. *Örnefni í Brunnastaðahverfi á Vatnsleysuströnd*. B.S. ritgerð við Jarðfræðiskor í Háskóla Íslands

Túnakort 1919. Vatnsleysustrandarhreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.

## **Minjakort**

Minjakortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.




# Yfirlitskort



130117

Kort 1



130054

130085

Kort 2

## Skýringar

- Fornleifar\_punktur
- Miðlína hjólastígs
- Úttektarsvæði









# Kort 1




130117

## Skýringar

-  Fornleifar\_punktur
-  Fornleifar\_flákar
-  Miðlína hjólastígs
-  Úttektarsvæði

0 10 20 30 40 m





# Kort 2



130054

130085

## Skýringar

- Fornleifar\_punktur
- Fornleifar\_flákar
- Miðlína hjólastígs
- Úttektarsvæði

0 20 40 60 80 m

